

Olíudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Akureyri, 18.12.2023  
UST202301-398/G.S.Á.  
08.06.02

### **Efni: Þykktarmæling 2023 - Olíudreifing ehf., Örfirisey, geymir nr. 4, T0171**

Umhverfisstofnun bárust þann 18. desember 2023, þykktarmælingar á olíugeymi Olíudreifingar ehf., Örfirisey, Reykjavík. Geymirinn er merktur nr. 4, hefur fastanúmerið T0171 og eigendanúmerið 101.04.00. Geymirinn er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila í Örfirisey. Geymirinn er standandi stálgeymir smíðaður árið 1956.

Þykktar- og segulsviðsmælingarnar framkvæmdi Haraldur Baldursson hjá HB tækniþjónustu ehf., Hafnarfirði, þann 11. desember 2023. Notaður var Krautkrämer DM5 þykktarmælir, 5MHz og 2MHz, serial nr. DM5EG1603025. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 5 - 16 mm. Voru allar plötur í gólfi mældar ásamt fyrstu plöturröð í hliðarbyrði.

Fram kemur í skýrslu HB tækniþjónustu ehf., nr. 231207, að ástand fyrstu plöturaðar á belg sé gott. Stökku pytti má finna í útjaðri gólfs og við undirstöður þak hluta. Valdir voru þrír pyttir til mælinga og var sá dýpsti 2,14 mm og er grunnmál 8,0 mm, sem er talsvert yfir leyfilegri lágmarksþykkt sem er 3,0 mm. Engar aðrar þynningar komu fram við mælingar en þessir stöku pyttir og eins mátti sjá fjölmargar viðgerðir við útjaðar gólf geymisins. Ástand geymisins er gott á heildina litið.

**Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum. Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir  
teymisstjóri